

rökstudda reikninga um útlagðan kostnað vegna framkvæmda á hinu tekna landi, þykir verða að sýkna stefnda af öllum kröfum hans í máli þessu. Eftir atvikum þykir eðlilegast, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Júlíus Júlíusson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ólafs E. Ólafssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 26. janúar 1967.

Nr. 233/1966. **Miðnes h/f** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Kaupfélagi Vestmannaeyja**

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

### Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm. Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um greiðslu andvirðis matvæla, kr. 12.075.71, er hann kveðst hafa afhent til m/b Þorgeirs, GK 73, á tímabilinu frá 13. febrúar til 23. marz 1964, en áfrýjandi hafði útgerð báts þessa á hendi.

Garðar Arason, starfsmaður stefnda, sem starfaði að afgreiðslu matvæla til báta, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að viðskipti þessi séu venjulega framkvæmd þannig, að

matsveinn báts þess, sem matvælin eigi að fá, leggi fram pöntunarlista yfir þær vörur, sem kaupa eigi. Síðan kveðst vitni þetta annast um afgreiðslu varanna og rita frumreikning um kaupin í þríriti. Vörurnar séu síðan afhentar um borð í bátinn og þeim fylgi þá eitt eintak frumreikningsins.

Í máli þessu hafa verið lagðir fram pöntunarlistar þeir, er stefndi telur undirstöðu viðskipta þessara. Eru listar þessir óundirritaðir. Í aðeins eitt sinn er kvittað á frumreikning um móttöku varanna.

Afrýjandi hefur vefengt, að vörur þær, sem stefndi krefur um verð fyrir í máli þessu, hafi verið afgreiddar til umrædds báts. Þrátt fyrir þetta hefur hvorugur aðilja hirt um að afla um viðskipti þessi skýrslna eða vættis matsveins þess, er skráður var á m/b Þorgeir, GK 73, á þeim tíma, er viðskipti þessi eru talin hafa átt sér stað, né annarra af afhöfn bátsins.

Þar sem slíkir gallar eru á málartilbúnaði og gagnaöflun, þykir verða að ómerkja hinn afrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

#### Dómsorð:

Hinn afrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 6. maí 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 5. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Guðna Guðnasyni kaupfélagsstjóra f. h. Kaupfélags Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 19. janúar 1965, birtri 22. s. m., á hendur Ólafi Jónssyni framkvæmdastjóra f. h. Miðness h/f, Tjarnargötu 3, Sandgerði, til greiðslu á úttektarskuldum vegna m/b Þorgeirs, GK 73, eign stefnda, á tímabilinu 15. febrúar til 23. marz 1964 samkvæmt reikningum að fjárhæð kr. 12.075.71 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1964 til greiðsludags auk alls málskostnaðar

að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Stefndi lét mæta í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Á vetrarvertíðinni 1964, á tímabilinu janúar—marz, fóru fram nokkrar úttektir úr verzlun stefnanda til m/b Þorgeirs, GK 73, og var það aðallega matvara handa áhöfn skipsins. Úttektirnar á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar voru greiddar af stefnda, en úttektirnar eftir þann tíma, eða frá miðjum febrúar til marzloka, fengust hins vegar ekki greiddar að undanskildum smáúttektum vegna skipsins sjálfs. Kvaðst stefndi hafa fengið reikninga yfir fyrra tímabilið, skömmu eftir að úttektirnar áttu sér stað og hafi því verið unnt að jafna þeim kostnaði niður á skipverja. En reikningar yfir síðara tímabilið hafi fyrst verið sendir 23. maí um vorið og hafi þá verið búið að gera upp við skipshöfnina og hluti af áhöfninni þegar farinn úr þjónustu útgerðarinnar. Við uppgjörið hafi verið gengið út frá, að allir kostreikningar væru komnir fram og alls ekki gert ráð fyrir frekari reikningum frá stefnanda. Skipverjar fæði sig sjálfir og útgerðin taki enga ábyrgð á úttektum til mótuneytis þeirra og því aðeins taki útgerðin reikninga til niðurdeilingar og greiðslu, að þeir hafi borizt henni fyrir úthaldslok. Af þessum ástæðum neitaði stefndi að greiða reikningana og höfðaði stefnandi þá mál þetta.

Starfsmaður hjá stefnanda, Garðar Arason, mætti sem vitni í málinu 25. febrúar 1965. Hann kvaðst annast um afgreiðslu til báta fyrir stefnanda. Viðskiptin gangi venjulega þannig fyrir sig, að matsveinn viðkomandi báts leggi inn pöntunarlista, og eru vörur afgreiddar samkvæmt þeim. Hann kvaðst jafnan rita úttektarnótur í þríriti og fái viðtakandi varanna eitt eintakið við afhendingu þeirra. Hann kvaðst muna eftir afgreiðslu til m/b Þorgeirs veturinn 1964 og vera alveg viss um að hafa afhent nótur yfir úttektirnar, um leið og þær voru afhentar. Frumnótur voru lagðar fram í málinu með reikningunum, og kvaðst vitnið hafa ritað allar nóturnar nema eina, en hún var með móttökukvittun.

Pöntunarlistar hafa verið lagðir fram, en þeir eru allir óundirritaðir. Úttektarnótur fylgja reikningunum, en þess hefur ekki verið gætt að láta viðtakendur kvitta fyrir móttöku varanna. Hér fyrir rétti hefur málflutningsmaður stefnda vefengt, að úttektirnar hafi átt sér stað og þar eð þær væru ósannaðar, bæri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Í málinu liggur fyrir bréf frá stefnda, dags. 28. ágúst 1964, til stefnanda. Kveðst hann þar endursenda samkv. beiðni kostreikninga á m/b Þorgeir Goða, GK 73. Kostúttektina, kr. 12.075.71, kveðst hann ekki geta greitt, vegna þess að hann væri þegar búinn að greiða skipverjum inneignir þeirra. Inneignirnar hafi verið greiddar út 21.—23. maí, en kostreikningarnir hafi ekki verið sendir fyrir en 23. maí. Ekki er einu orði að því vikið, að hann dragi í efa, að úttektirnar hafi átt sér stað.

Samkv. 216. gr., 5. lið 2. mgr., laga nr. 66/1963 ber útgerðarmaður ábyrgð á úttektum á vistum til skips, oftast ótakmarkaða, en í vissum tilfellum takmarkaða, sem hér eiga ekki við. Þessi regla gildir, þó að útgerðarmaður eigi rétt til samkv. stéttar-samningum að draga fæðiskostnaðinn frá kaup skipverja. Eins og áður er getið, hafa reikningar ásamt úttektarnótum yfir stefnukröfuna verið lagðir fram, og fyrir liggur yfirlýsing frá endurskoðanda stefnanda, að reikningarnir séu í samræmi við bókhald fyrirtækisins. Og þar sem fyrir liggur vitnisburður afgreiðslumannsins um afhendingu varanna, og stefndi vefengdi ekki úttektirnar innan eðlilegs tíma eftir að hafa kynnt sér reikningana, þykir bera að ganga út frá, að úttektirnar hafi átt sér stað, þótt stefnandi hafi látið undir höfuð leggjast að fá kvittun fyrir móttöku þeirra. Sennilegt er, að stefndi hafi mátt gera ráð fyrir, að ókomnir væru reikningar yfir úttektir á vistum á tímabilinu 15. febr. til marzloka, er hann gerði upp við áhöfn sína. Samkvæmt því, sem nú hefur verið tekið fram, verður krafa stefnanda tekin til greina að öllu leyti.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 2.500.00 í málskostnað.

#### Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Jónsson f. h. Miðness h/f, greiði stefnanda, Guðna Guðnasyni f. h. Kaupfélags Vestmannaeyja, kr. 12.075.71 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1964 til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.